

GRUNNSKÓLAR

REYKJAVÍKURBORGAR

ANNA

ÆTLAR

AÐ VERÐA

KENNARI



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara í Reykjavík

Kynning á tillögum
starfshóps um aðgerðir

desember 2017



Starfshópur

- Skúli Helgason, fulltrúi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, formaður
- Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur
- Ólafur Loftsson, fulltrúi Félags grunnskólakennara
- Hildur Ingólfssdóttir, fulltrúi rektors Háskóla Íslands
- Jónína Vala Kristinsdóttir, fulltrúi menntavísindasviðs Háskóla Íslands
- G. Eygló Friðriksdóttir, fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík fyrir hönd SÍ
- Birgitta Bára Hassenstein, fulltrúi SAMFOK
- Guðlaug Sturlaugsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
- Marta Guðjónsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur
- Svandís Ingimundardóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Með hópnum störfuðu Guðrún Hjartardóttir af skrifstofu sviðsstjóra SFS og Hrönn Pétursdóttir sjálfstætt starfandi verkefnastjóri. Einnig sátu fundi hópsins starfsmenn skóla- og frístundasviðs, eða eftir atvikum Guðrún Edda Bentsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Guðný Reynisdóttir. Katla Hólm Þorbergsdóttir starfaði með hópnum í upphafi.

Tilefni og tilgangur

- Haustið 2016 samþykkti skóla- og frístundaráð Reykjavíkur að setja á fót vinnu til að mæta fyrirsjáanlegum kennaraskorti í grunnskólum á næstu árum.
- Niðurstöðum rannsóknar á vegum Háskóla Íslands 2016, bentu til þess að hátt í 5000 manns sem hefðu aflað sér kennsluréttinda, störfuðu ekki við kennslu.
- Þá hefur dregið úr aðsókn í kennaranám á undanförnum misserum.
- Starfshópur hóf störf í desember 2016 og vann jafnt og þétt á árinu 2017.
- Ítarleg rýni á starfsaðstæðum grunnskólakennara í Reykjavík fór fram á vormánuðum 2017 í kjölfar bókunar í kjarasamningi.
- Gerð var framhaldsrannsókn á gögnum rannsóknar HÍ til að afla frekari upplýsinga um þann hóp útskrifaðra sem ekki hefur skilað sér í kennslu í grunnskólum.

Uppbygging skýrslu

1. Áhugi á kennaranámi – ímynd starfsins og viðhorf til þess
2. Hversu margir hefja grunnskólakennaranám og hversu margir ljúka því?
3. Inntak og staða kennaranámsins
4. Fjöldi kandídata sem fer í kennslu að námi loknu og brotthvarf úr kennslu
5. Stuðningur og starfsumhverfi
6. Starfsþróun kennara - símenntunarmöguleikar


Úr skýrslu

- Kennarastarfið er mikilvægt, fjölskylduvænt en ekki nógu vel launað að mati framhaldsskólanemenda og nýtur ekki nægilegrar virðingar
- Mjög hefur dregið úr aðsókn í kennaranám sl. 10-15 ár þó hún hafi aukist lítillega síðasta haust – *Stefnir í óefni ef ekki rætist verulega úr*
- Ánægja er meiri með námið eftir lengingu, en mikill áhugi er á að auka þátt vettvangsnáms og starfsþjálfunar, sem og að fá betri og hagnýtari undirbúning til að starfa í skóla án aðgreiningar. Vettvangur kallar eftir meiri áherslu á aga- og bekkjarstjórnun, kennslu nemenda með sérþarfir, áherslu á foreldrasamstarf, umsjónarkennslu o.fl.


Úr skýrslu frh.

- Einungis helmingur þeirra sem brautskráðust úr grunnskólakennaranámi á árunum 2000–2012 er í kennslu í grunnskóla.
- Þeir sem ekki hófu grunnskólakennslu eða hurfu úr starfi hafa betri laun og vinna undir minna álagi
- Álag í starfi hefur að mati kennara aukist verulega á undanföörnum árum
- Stuðningur við símenntun og aðra starfsþróun hefur staðið í stað eða minnkað

Innritun í grunnskólakennarafræði á árunum 2009–2017 við Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Brautskráningar í grunnskólakennarafræði á árunum 2009–2017 frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands





VIÐ VINNUM MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS

Helgi Eiríkur Eyjólfsson og Stefán Hrafn
Jónsson – útskriftarárgangar 2000-2012




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

LEA ALEXANDRA ÆTLAR
AÐ VERÐA LJÓSMYNDARI

Könnun meðal útskrifaðra kennara HÍ og HA 2000-2012

- Þeir sem starfa ekki við grunnskólakennslu í dag:
 - Yfirgnæfandi hluti (~50%) starfar innan fræðslustarfsemi, m.a. við framhaldsskólakennslu
 - Aðrir dreifast nokkuð jafnt milli atvinnugreina
- Grunnskólakennarar sem hafa hætt grunnskólakennslu með um þriðjung hærri laun en starfandi grunnskólakennarar
- Starfandi grunnskólakennarar mælast með mun meira starfsálag
 - Meira starfsálag en þeir sem starfa ekki við grunnskólakennslu
 - Meira starfsálag en meðal starfsálag Íslendinga (+1 st.frv.) skv. könnun Landlæknisembættisins
- Stuðningur í fyrsta kennslustarfi eftir útskrift mikilvægur

Í hvaða atvinnugrein starfar þú í þínu aðalstarfi?




Starfsheiti þeirra sem starfa við fræðslustarfsemi

Starfsheiti	%	Fjöldi	Starfsheiti	%	Fjöldi
Framhaldsskólakennari	48,7%	77	Kerfisfræðingur	0,6%	1
Verkefnastjóri	8,2%	13	Samskiptastjóri	0,6%	1
(Aðstoðar)skólastjórar	7,0%	11	Stjórnandi	0,6%	1
Leikskóli (kenn, deildarstj ofl.)	5,7%	9	Prestur	0,6%	1
Kennari	2,5%	4	Byggingarfræðingur	0,6%	1
Tónlistarkennari	2,5%	4	Eftirlitsmaður	0,6%	1
Forstöðumaður	1,9%	3	Kerfisfræðingur	0,6%	1
Háskólakennari	1,3%	2	Starfsráðgjafi	0,6%	1
Sérfræðingur	1,3%	2	Kennslufáðgjafi	0,6%	1
Kennslustjóri	0,6%	1	Sérkennslustjóri	0,6%	1
Bóndi og kennari	0,6%	1	Áfangastjóri	0,6%	1
Stuðningfulltrúi	0,6%	1	Teymisstjóri	0,6%	1
kennsluráðgjafi	0,6%	1	Deildarstjóri	0,6%	1
Grunnskólakennari	0,6%	1	Fagstjóri	0,6%	1
Grunnskólakennari (byrjar í haust)	0,6%	1	Fjármálastjóri	0,6%	1
Grunnskólakennari, forfallakennari.	0,6%	1	Tónlistarmaður	0,6%	1
Gítarkennari	0,6%	1	Tölvunarfræðingur	0,6%	1
Náms- og starfsráðgjafi	0,6%	1	Ráðgjafi	0,6%	1
Þolfimikennari/Einkaþjálfari	0,6%	1	Þýðandi	0,6%	1
Þroskaþjálfun	0,6%	1	Byggingarfræðingur	0,6%	1
Ökukennari	0,6%	1	Eftirlitsmaður	0,6%	1




Formlegur stuðningur frá skóla, í fyrsta kennslustarfinu




Þegar þú byrjaðir í fyrsta kennarastarfinu eftir útskrift, var skólinn með einhvern formlegan stuðning við nýja kennara?

Lengd tíma sem stuðningur var veittur



Hversu lengi varði stuðningurinn?

Líkur á að starfa við grunnskólakennslu næstu 2 ár



Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú munir starfa við grunnskólakennslu á næstu tveimur árum?

VIÐ VINNUM MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

STYRMIR ÆTLAR AÐ
VERÐA LÖGGA

Hvað veldur kennurum helst álagi?

- Önnur störf en kennsla og undirbúningur valda kennurum miklu álagi og taka tíma sem þeir hefðu viljað verja í undirbúning
- Það vantar fleiri bjargir svo hægt sé að starfa í anda stefnu um skóla án aðgreiningar og skortur á þeim veldur kennurum miklu álagi.
- Álag fylgir því að nemandi kemur í hópinn sem ekki skilur íslensku og enginn skilur hann.
- Samstarf við foreldra er sá þáttur sem flestir nefna sem álagsþátt.
- Hegðunarvandi og agamál valda mörgum kennurum miklu álagi; nemendur með hegðunarerfiðleika, geðræn og/eða félagsleg vandamál.

Rýnihópar, helstu óskir um úrbætur





VIÐ VINNUM MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS

Samtals 31 tillaga



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

HULDA ÆTLAR AÐ
VERÐA ROKKARI

Tillögur flokkaðar í fjóra meginþætti

- Bætt vinnuumhverfi
- Aukna nýliðun í kennaranámi
- Kennaramenntun
- Starfsþróun

Bætt vinnuumhverfi

1. Aukinn stuðningur við kennara

Fjölgun fagfólks sem starfar við hlið kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar við að mæta mismunandi þörfum nemenda, s.s. hegðunarráðgjafar, talmeinafræðingar, sálfræðingar, þroskþjálfar, félagsráðgjafar, náms- og starfsráðgjafar og brúarsmiðir.

2. Ný úrræði til að mæta börnum í vanda

Úrræðunum verði m.a. ætlað að koma til móts við þarfir barna í alvarlegum hegðunarvanda og barna með geðraskanir.

3. Staðfestur sveigjanleiki í vinnutíma kennara

Þar sem horft verður til stefnu borginnar um sveigjanleika í starfi og jafnvægi milli vinnu og einkalífs

4. Endurskoða skipulag vinnutíma í samráði við kennara

Bætt vinnuumhverfi (frh.)

5. Skýrt verklag um móttöku nýliða í kennslu

Mótuð verði viðmið fyrir grunnskóla um móttökuáætlun og handleiðslu nýliða í kennslu þ.m.t. nýútskrifaðra kennara sem koma til starfa hjá Reykjavíkurborg.

6. Handleiðsla og ráðgjöf við kennara í starfi

Stofnað verði til starfs kennararáðgjafa við hvern skóla sem verði kennurum og kennaranemum til halds og trausts jafnt nýjum sem og þeim sem hafa starfsreynslu.

7. Kennsluráðgjöf í upplýsingatækni

Ráðnir verði kennsluráðgjafar með sérþekkingu á sviði upplýsingatækni sem styðji kennara í grunnskólum borgarinnar við að nýta betur upplýsingatækni í skólastarfinu.

8. Leiðsagnarkennarar

Allir nýir kennarar hafi sérstakan leiðsagnarkennara (mentor) sem hafi það hlutverk að stuðla að markvissri aðlögun nýrra kennara, m.a. með það í huga að draga úr brotthvarfi kennara úr starfi.

Bætt vinnuumhverfi (frh.)

9. Fagleg forysta skólastjórnenda

Áhersla verði lögð á að auka svigrúm skólastjórnenda til að sinna hlutverki sínu sem faglegir leiðtogar og gera þeim kleift að auka samstarf og stuðning við kennara um framþróun kennsluhátta.

10. Skólaþjónusta færir meira út í skólana

Þjónustu skólasálfræðinga og annarra fagaðila skólaþjónustunnar sem nú er rekin á þjónustumiðstöðvum borgarinnar verði í auknum mæli beint inn í skólana.

11. Endurnýjun á búnaði til kennslu

Aukin áhersla verði lögð á endurnýjun á búnaði sem nýtist kennurum í kennslu. Sérstaklega verði horft til þess að allir kennarar fái vinnutölvu til eigin afnota í starfi.

12. Endurbætur á húsnæði og starfsaðstæðum kennara

Kortleggja endurbætur sem gera þarf á öllu húsnæði og starfsaðstæðum kennara í grunnskólum borgarinnar. Stefnumótun í upplýsingatæknimálum verði hluti af vinnunni.

Bætt vinnuumhverfi (frh.)

13. Greining á launakjörum, brotthvarfi og samanburði við aðrar stéttir

Gerð verði greining á launaþróun grunnskólakennara undanfarin ár og áratugi, með samanburði við aðrar háskólamenntaðar stéttir og kjör kennara í nágrannalöndunum. Greining á orsökum brotthvarfs kennara úr starfi út frá lykilbreytum eins og kyni, aldri, félagslegri stöðu, efnahag o.s.frv.

14. Forgangsröðun og fækkun verkefna

Með það að markmiði að draga úr álagi á kennara til að tryggja að kennsla, undirbúningur hennar og úrvinnsla séu aðalstarf kennarans

15. Skýrari viðmið um foreldrasamskipti

Allir skólar setji sér stefnu um foreldrasamskipti og styðjist við útgefin viðmið sem mótuð hafa verið af skóla- og frístundasviði og skólastjórnendum.

Aukin nýliðun í kennaranám

16. Ívilnandi aðgerðir til að ýta undir fjölgun kennaranema

Hvatt til þess að beitt verði ívilnandi aðgerðum til að fjölga þeim sem leggja stund á kennaranám t.d. með aðgerðum sem tengjast breytingum á reglum LÍN.

17. Styðja við að leiðbeinendur í grunnskólum afli sér kennaramenntunar

Leiðbeinendur í grunnskólum verði hvattir til að afla sér kennsluréttinda með stuðningi borgarinnar.

18. Hvati til að draga úr brottfalli úr kennaranámi

Skilgreina aukið svigrúm til þeirra starfsmanna sem vilja stunda meistaranám til kennsluréttinda með starfi. Háskólar sem bjóða upp á kennaramenntun verði hvattir til að auka sveigjanleika fyrir þessa nemendur.

Aukin nýliðun í kennaranám

19. Kennaranám á grunnstigi metið til launasetningar

Skilgreina B.Ed. nám, hjá þeim sem ekki hafa leyfisbréf til kennslu í grunnskóla, til tiltekinnar stöðu í kjarasamningi.

20. Kynning á starfskjörum grunnskólakennara

Standa fyrir fræðslu og kynningu á starfskjörum grunnskólakennara, þróun þeirra og samanburði við aðrar starfsstéttir háskólamenntaðra hérlandis og erlendis.

21. Vitundarvakning um mikilvægi kennarastarfsins

Efnt verði til samstarfs á breiðum grundvelli um mótun aðgerða til að vekja athygli á mikilvægi og gildi kennarastarfsins fyrir einstaklinga og samfélag. Sérstaklega hugað að leiðum til að auk virðingu og bæta ímynd kennarastarfsins og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi.

Kennaramenntun

22. Breytingar á inntaki kennaramenntunar

Háskólar hvattir til að gera breytingar á inntaki kennaramenntunar til að mæta betur þörfum kennara á vettvangi. Meðal annars verði hugað að því að auka áherslu í skyldunámi á námskeið sem tengjast kennslu barna með sérþarfir og barna af erlendum uppruna.

23. Auka hlut vettvangsnáms í kennaranámi

Hvetja HÍ til að gera breytingar á skipulagi kennaranáms með það fyrir augum að efla verulega starfsnám á vettvangi. Stefnt verði að því að nemendur verji heilu ári, í að starfa á vettvangi.

24. Auka hagnýta kennslufræði í kennaranámi

Háskólar með grunnskólakennaranám verði hvattir til að auka áherslu á hagnýta kennslufræði í grunn- og meistaranámi með það fyrir augum að gera kennurum kleift að öðlast þekkingu og reynslu í að beita kennsluaðferðum og vinnubrögðum sem skilað hafa nemendum framförum og árangri í námi, skv. rannsóknum.

Starfsþróun

25. Gæðamat starfsþróunar

Meðal annars gera úttekt á nýtingu starfsþróunarstunda skv. kjarasamningum meðal grunnskólakennara í Reykjavík m.t.t. gæða og þess hvernig starfsþróun nýtist kennurum í starfi.

26. Markviss starfsþróun kennara í samstarfi við háskóla

Tekið verði upp samstarf skóla- og frístundasviðs við háskólastofnanir og Kennarasamband Íslands varðandi skipulagningu og framboð námskeiða á sviðum sem hafa valdið kennurum mikil álagi í starfi á undanförunum árum.

27. Auka framboð á starfsþróunarkostum

Horft verði sérstaklega til þess að standa straum af kostnaði við starfsþróunarkosti af því tagi sem kennarar hafa kallað eftir en ekki hafa hlotið styrki úr starfsþróunarsjóðum.

28. Starfsþróunaráætlanir skóla

Gerð verði úttekt, árangur starfsþróunar rannsakaður og leiðsögn veitt til skóla.

Starfspróun

29. Samstarf um lokaverkefni

Áhersla á samstarf um lokaverkefni kennaranema í grunnskólakennaradeild. Um verði að ræða hugmyndabanka um lokaverkefni sem skóla- og frístundasvið eigi aðkomu að og styrkir til að vinna lokaverkefni á meistarastigi.

30. Starfspróun fyrir útskrifaða nemendur með leyfisbréf sem vilja snúa til kennslu

Háskólar verði sérstaklega hvattir til að bjóða þeim aðilum tækifæri til símenntunar sem hafa aflað sér kennsluréttinda sem grunnskólakennarar en hafa valið sér annan starfsvettvang. Láta hanna námskeið fyrir þennan hóp.

31. Fjölgun námsleyfa

Fjölgað verði tækifærum til styttri námsleyfa með áherslu á að kennarar geti sótt sér framhaldsmenntun meðfram starfi.



VIÐ VINNUM MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS

Aðgerðir sem þegar
hafa verið samþykktar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MARKÚS LOKI ÆTLAR
AÐ VERÐA VERKFRÆÐINGUR

Aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar – upphæðir í þús. kr.

2017

• Aukið fjármagn til verkefnisstjórnunar – efling faglegs starfs	144.000
• Fjármagn til næðisstunda – viðvera kennara með yngstu nemendum í matmálstímum	49.000
• Aukið fjármagn til sérkennslu	182.583
• Breytt og aukin úthlutun fjármagns vegna stuðningsfulltrúa í 1. bekk	22.000
• Hækka starfshlutfall námsráðgjafa á unglingastigi	20.000
• Stofnun tveggja einhverfudeilda frá hausti 2017, í Fellaskóla og Hamraskóla	26.400
• Fjögur stöðugildi kennsluráðgjafa í Miðju máls og læsis	38.000
• Tvö stöðugildi brúarsmiða/móðurmálskennara	16.400

Aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar – upphæðir í þús. kr.

2017

- | | |
|---|--------|
| • Hækkun fjárveitinga til kennslu íslensku sem annars tungumáls | 76.500 |
| • Sérstök fjárveiting vegna túlkapjónustu | 18.000 |
| • Nákvæm úttekt og kostnaðarmat á umbótum húsnæðis og aðstöðu í grunnskólum | 70.000 |
| • Lok uppsetningar þráðlauss nets í grunnskólum – og það tryggt í öllu kennsluhúsnæði | |
| • Lokið við innleiðingu á Office365 í skólum | |
| • 650 nýjar far- og spjaldtölvur | 22.000 |
| • Ljúka stefnumótun í upplýsingatækni í grunnskólum Reykjavíkur | |

Aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar – upphæðir í þús. kr.

2018

- Hegðunarráðgjafar grunnskóla ráðnir í allar þjónustumiðstöðvar, með viðveruskyldu í grunnskólunum 46.750
- Ný úrræði til að mæta þörfum barna með fjölþættan vanda verði til reiðu í öllum borgarhlutum 100.800
- Bættur tölvukostur í grunnskólum. Allir kennarar og annað fagfólk í grunnskólum borgarinnar fá eigin tölvu til að nota í starfi 48.000*
- Kennsluráðgjafar í upplýsingatækni verðir ráðnir til að styðja kennara við að hagnýta upplýsingatækni í skólastarfinu 28.800
- Talmeinafræðingar ráðnir á allar þjónustumiðstöðvar 52.250**

Aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar – upphæðir í þús. kr.

2018

- | | |
|--|---------|
| • Breytt og aukin úthlutun fjármagns vegna stjórnunar í grunnskólum | 35.600 |
| • Aukið fjármagn til viðhalds skólabygginga | 295.000 |
| • Tvöfalt hærra framlag til Þróunarsjóðs skóla- og frístundasviðs | 20.000 |
| • Ný menntastefna fyrir Reykjavíkurborg | |
| • Endurskipulagning skólaþjónustunnar með áherslu á að þjónustan fari í auknum mæli fram í grunnskólunum í nánu samstarfi sérfræðinga skólaþjónustunnar og kennara | |

A portrait of a young girl with curly red hair and freckles, wearing black-rimmed glasses and a light blue jacket. She is smiling and looking slightly to the right. The background is blurred, showing hints of an outdoor setting.

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

REYKJAVÍKURBORGAR

MATTHILDUR

ÆTLAR AÐ

VERÐA ÍÞRÓTTA-

KENNARI

Við vinnum með
framtíð landsins